

Félags- og húsnæðismálaráðuneyti

Reykjavík, 28. apríl 2026

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026-2029.

Að mati Mannréttindastofnunar Íslands er tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda ítarleg og vel unnin. Þar er að finna ýmsar jákvæðar tillögur, þar á meðal um aðgerðir sem miða að því að tryggja stuðning við þá hópa innflytjenda sem eru í viðkvæmri stöðu.

Þrátt fyrir almenna ánægju með efni tillögunnar vill stofnunin koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Mannréttindastofnun Íslands hvetur til þess að í framkvæmdaáætluninni verði kveðið á um að vinna skuli stefnu í málefnum innflytjenda. Mikilvægt er að setja fram skýra framtíðarsýn sem miðar að því að vinna með markvissum hætti að jafnrétti, inngildingum og jöfnum tækifærum. Mætti í því sambandi hafa hliðsjón af hvítbók sem innihélt drög að slíkri stefnu og var birt í samráðsgátt stjórnvalda 24. maí 2024. Var hvítbókin mjög vönduð og unnin í góðu samráði við hagaðila.

Mannréttindastofnun Íslands bendir einnig á mikilvægi þess að koma inn á túlkþjónustu fyrir innflytjendur í áætluninni, en nokkuð hefur skort á að þeir fái þá túlkþjónustu sem þeim er nauðsynleg. Það markmið sem sett var fram í aðgerðaáætlun um málefni innflytjenda 2022-2025 var mikið framfaraskref en talsvert vantar þó enn upp á að þeim sem ekki tala íslensku sé gefinn kostur á faglegri túlkun í samskiptum þeirra við stjórnvöld og þjónustuaðila. Stofnunin hvetur til þess að bætt verði inn í tillöguna aðgerðum varðandi túlkþjónustu og aðgengi að túlkum, að litið verði til gæða túlkþjónustu og fagmennsku frekar en kostnaðar og að stofnunum og þjónustuaðilum verði tryggt nægt fjármagn til að standa undir túlkakostnaði.

Mannréttindaskrifstofa Íslands sá um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur samkvæmt samningi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið en skrifstofan hefur hætt störfum og hvergi er gjaldfrjáls lögfræðiráðgjöf með túlki í boði fyrir innflytjendur.

Mannréttindastofnun Íslands hvetur til þess að úr þessu verði bætt svo fljótt sem auðið er og að slík þjónusta verði ein af þeim aðgerðum sem mælt verði fyrir um í aðgerðaáætluninni.

Loks er hvatt til þess að í áætluninni verði sérstaklega kveðið á um fræðslu um lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 verði augin. Í úttekt og greiningu OECD á stöðu innflytjendamála hér á landi kom í ljós að afar sjaldgæft er að það reyni á umrædd lög vegna mismununar á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna eða trúar/lífsskoðana. Ætla verður að það megi rekja til vanþekkingar á þeim úrræðum sem eru í boði, fremur en að slík mismunun sé ekki til staðar í íslensku samfélagi. Jafnréttisstofa hefur sinnt fræðslu á þessu sviði og hefur meðal annars sett upp sérstakt vefsvæði, [Burt með mismunun | Jafnréttisstofa](#) en tryggja þarf að stofan hafi fullnægjandi fjármagn til að vinna að enn frekari vitundarvakningu meðal innflytjenda, stjórnvalda og almennings um þau úrræði sem standa til boða.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands